

FUNDARGERÐ 514. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 2. apríl 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja staðfund: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fjarfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Söfnun og meðhöndlun á textíl

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu söfnunar og meðhöndlunar á textíl og leggur fram minnisblað. Framboð á úrgangstextíl í Evrópu hefur aukist til muna, með þeim afleiðingum að erfiðara er að koma textíl í endurvinnslu. SORPA hefur aðgang að endurvinnslufarvegi fyrir textíl. Til að viðhalda þeim farvegi forvinnur starfsfólk SORPU textíl fyrir útflutning, með því að tína rusl úr textílnum, og tína frá textíl sem er nothæfur til innlendrar endurnotkunar. Þeim textíl er miðlað til einkaaðila, og seldur í Góða hirðinum til vara.

Framkvæmdastjóri gerir jafnframt grein fyrir því að SORPA geri þá kröfu á sína móttökuaðila á textíl að sá hluti textíls sem ekki sé tækur til endurnotkunar eða -vinnslu fari í orkuvinnslu í Evrópu.

Minnisblað fylgir fundargerð.

2. Tillaga að nýjum móttökuskilmálum og gjaldskrá á jarðvegi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um uppfærða móttökuskilmála og gjaldskrá fyrir móttöku jarðvegs á urðunarstað SORPU í Álfsnesi. Lagt er til að gjaldflokkum jarðvegs verði fjölgað, og að skerpt verði á móttökuskilmálum.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að útfæra eftirlit með þeim jarðvegi sem afhent er á urðunarstað.

Stjórn samþykkir breytingu á gjaldskrá.

Minnisblað fylgir fundargerð.

3. Staða og framvinda ESA málsins

Haraldur Flosi Tryggvason Klein og Halldór Þorkelsson, ráðgjafar SORPU í ESA-málinu, taka sæti á fundinum undir þessum lið. Haraldur og Halldór fara yfir stöðu málsins. Áætlað er að starfshópurinn skili lokaskýrslu í lok maí næstkomandi.

Orri Vignir vikur af fundi að lokinni afgreiðslu þessa liðar.

4. Uppfærð mannauðsstefna lögð fram – frestað til næsta fundar

5. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir skýrslu framkvæmdastjóra.

Skýrslan fylgir fundargerð.

6. Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir erindisbréfi um starfshóp um endurvinnslustöðvar á Glaðheimasvæðinu. Erindisbréf fylgir fundargerð. Stjórn SORPU leggur áherslu á að ný stöð við Glaðheima verði boðin út eigi síðar en 31. maí 2026.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir því að Stena hefur að nýju opnað fyrir móttöku á blönduðum pappír, sjá fundargerð 511. fundar stjórnar SORPU og fylgiskjal. Blandaður pappír frá SORPU fer því að nýju í forflokkun hjá móttökuaðila.

Fundurinn er síðasti stjórnarfundur Árelíu Eydísar, formanns stjórnar SORPU. Stjórn þakkar Árelíu Eydísi fyrir gott og árangursríkt samstarf.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 7. maí klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:54.